

**TILSKIPUN RÁÐSINS****frá 28. júní 1977****um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi veltigrindur á landbúnaðardráttarvélum á hjólum****(77/536/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Meðal tæknilegra krafna sem dráttarvélar verða að uppfylla samkvæmt landslögum eru ákvæði er varða veltigrindur og festingar þeirra á dráttarvélina.

Þessar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Því er nauðsynlegt að öll aðildarríki samþykki sömu kröfurnar, annaðhvort til viðbótar eða í stað gildandi reglna, einkum til þess að EBE-gerðarviðurkenningin, sem var viðfangsefni tilskipunar ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum <sup>(3)</sup>, geti átt við allar gerðir dráttarvéla.

Samræmd gerðarviðurkenning íhluta veltigrinda og festinga þeirra við dráttarvélina gerir hverju aðildarríki kleift að hafa eftirlit með því að ákvæði varðandi sameiginlega smíði og prófunarkröfur séu haldin og tilkynna hinum aðildarríkjunum um viðurkenningu með því að senda út afrit af gerðarviðurkenningarvottorði íhluta fyrir hverja gerð veltigrinda og festinga þeirra við dráttarvélina. EBE-gerðarviðurkenningarmerki íhluta á öllum veltigrindum sem framleiddar eru í samræmi við viðurkennda frumgerð kemur í veg fyrir þörf á tæknilegu eftirliti með þeim veltigrindum í öðrum aðildarríkjum.

Sameiginlegar kröfur varðandi önnur atriði og eiginleika veltigrinda, einkum mál, dyr, öryggisgler, búnað til að koma í veg fyrir að dráttarvélina rúlli áfram við veltu, og verndun farþega, verða settar fram síðar.

Samræmdar kröfur eru einkum til þess ætlaðar að tryggja öryggi á vegum og á vinnustað alls staðar í bandalaginu. Af þeim sökum er nauðsynlegt að krefjast þess að dráttarvélar

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. C 76, 7. 4. 1975, bls. 37.<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. C 263, 17. 11. 1975, bls. 58.<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.

sem heyra undir þessa tilskipun skuli búnaðar veltigrindum.

Samræming landslaga varðandi dráttarvélur felur í sér gagnkvæma viðurkenningu aðildarríkjanna á eftirliti sem hvert um sig hefur með höndum á grundvelli sameiginlegra krafna.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

1. Aðildarríki skal veita öllum tegundum veltigrinda og festingum þeirra við dráttarvélina sem fullnægja kröfum um gerð og prófun í I., II., III., IV. og V. viðauka EBE-gerðarviðurkenningu íhluta.

2. Aðildarríki sem hefur veitt EBE-gerðarviðurkenningu íhluta skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sannprófa, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur, í samvinnu við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum ef þess gerist þörf, að framleidd eintök séu í samræmi við viðurkennda gerð. Slík sannprófun skal eingöngu felast í skyndikönnunum.

##### 2. gr.

Aðildarríkin skulu fyrir hverja gerð veltigrinda og festinga þeirra við dráttarvélina, sem þau viðurkenna samkvæmt 1. gr., gefa út handa framleiðanda dráttarvélarinnar eða veltigrindarinnar eða viðurkennds fulltrúa hans merki EBE-gerðarviðurkenningar íhluta sem samræmist fyrirmyndinni í VI. viðauka.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að notuð séu merki sem geta valdið því að veltigrindum sem hlotið hafa gerðarviðurkenningu íhluta samkvæmt 1. gr. og öðrum búnaði verði ruglað saman.

##### 3. gr.

1. Aðildarríkjum er óheimilt að banna markaðssetningu veltigrinda eða festinga þeirra við dráttarvélina á grundvelli smíði þeirra ef þær hafa merki EBE-gerðarviðurkenningar íhluta.

2. Þó er aðildarríki heimilt að banna markaðssetningu veltigrinda sem hafa merki EBE-gerðarviðurkenningar íhluta ef þær víkja kerfisbundið frá fyrirmyndinni. Aðildar-

ríkið skal þegar tilkynna hinum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um ráðstafanirnar sem það hefur gert og tilgreina ástæður fyrir ákvörðun sinni.

##### 4. gr.

Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu innan eins mánaðar senda lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja afrit af gerðarviðurkenningavottorði íhluta, sýnishorn af því er að finna í VII. viðauka, fyrir hverja gerð veltigrinda sem þau viðurkenna eða neita að viðurkenna.

##### 5. gr.

1. Ef aðildarríki sem hefur veitt EBE-gerðarviðurkenningu íhluta kemst að raun um að veltigrindur og festingar þeirra við dráttarvélina með eins EBE-gerðarviðurkenningarmerki íhluta samrýmist ekki þeirri gerð sem það viðurkenndi, skal það gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleidd eintök séu í samræmi við viðurkennda gerð. Lögbær yfirvöld þess ríkis skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum um ráðstafanir sem gripið hefur verið til og sem geta, ef nauðsyn krefur, þar sem um er að ræða alvarlegan og endurtekinn skort á samræmi, leitt til afturköllunar á EBE-gerðarviðurkenningu íhluta. Umrædd yfirvöld skulu grípa til sams konar ráðstafana berist þeim tilkynning frá lögbærum yfirvöldum annars aðildarríkis um slíkan skort á samræmi.

2. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjum skulu innan eins mánaðar tilkynna hvert öðru um sérhverja afturköllun á EBE-gerðarviðurkenningu íhluta og um ástæður fyrir slíkum ráðstöfunum.

##### 6. gr.

Allar ákvarðanir teknar samkvæmt ákvæðum sem samþykktar eru til framkvæmdar ákvæðum þessarar tilskipunar og þar sem sýnað er um gerðarviðurkenningu íhluta fyrir veltigrindur og festingar þeirra við dráttarvélina, eða hún dregin til baka eða markaðssetning á slíkum búnaði eða notkun bönnuð, skal rökstyðja ítarlega. Ákvörðun skal tilkynnt hlutaðeigandi aðila og um leið skulu honum kynnt þau lagaúrræði sem hann getur nýtt sér samkvæmt gildandi lögum í aðildarríkjum og sá frestur sem hann hefur til þess.

##### 7. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að synja um EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir dráttarvél af ástæðum sem varða veltigrindur eða festingar þeirra við dráttarvélina ef þær eru með EBE-gerðarviðurkenningarmerki íhluta og ef kröfum VIII. viðauka hefur verið fullnægt.

*8. gr.*

Aðildarríkjum er óheimilt að banna sölu dráttarvélar eða að hún sé skráð, tekin í notkun eða notuð, af ástæðum sem tengjast veltigrindum og festingum þeirra við dráttarvélinu ef þær eru með EBE-gerðarviðurkenningarkerki íhluta og ef kröfum VIII. viðauka hefur verið fullnægt.

*9. gr.*

Þessi tilskipun tekur til dráttarvéla sem eru skilgreindar í 1. gr. tilskipunar 74/150/EBE og hafa eftirtalda eiginleika:

- hæð afturáss frá akbraut er ekki yfir 1 000 mm,
- föst eða breytilega sporbreidd eins drifáss er 1 150 mm eða meira,
- hægt er að koma fyrir fjöltengibúnaði fyrir tæki sem hægt er að losa af og dráttarbeisli,
- massa milli 1,5 og 4,5 t, sem samsvarar þyngd óhlaðinnar dráttarvélar samkvæmt skilgreiningu í lið 2.4 í I. viðauka við tilskipun 75/150/EBE, ásamt veltigrind sem er fest á í samræmi við viðkomandi tilskipun og dekkjum af stærstu gerð sem framleiðandi hefur mælt með.

*10. gr.*

Dráttarvél sem er vísað til í 9. gr. verður að hafa veltigrind

sem fullnægir kröfum I., II., III. og IV. viðauka vegna EBE-gerðarviðurkenningar.

*11. gr.*

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga kröfur viðaukanna við þessa tilskipun að tækniframförum skal samþykkja samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar 74/150/EBE.

*12. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari innan 18 mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.
2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*13. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 28. júní 1977.

*Fyrir hönd ráðsins,*

W. RODGERS

*forseti.*

## SKRÁ YFIR VIÐAUKA

- I. viðauki:** Skilyrði fyrir EBE-gerðarviðurkenningu íhluta
- II. viðauki:** Skilyrði fyrir styrkleikaprófun veltigrinda og festinga þeirra við dráttarvél
- III. viðauki:** Prófanir
- IV. viðauki:** Myndir
- V. viðauki:** Fyrirmynd að prófunarskýrslu
- VI. viðauki:** Merki
- VII. viðauki:** Fyrirmynd að EBE-gerðarviðurkenningarvottorði íhluta
- VIII. viðauki:** Skilyrði fyrir EBE-gerðarviðurkenningu
- IX. viðauki:** Viðauki við EBE-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir dráttarvél með hliðsjón af styrkleika veltigrinda (öryggishús eða ramma) og festinga þeirra við dráttarvélinu
-

## I. VIÐAUKI

## SKILYRÐI FYRIR EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU ÍHLUTA

1. SKILGREININGAR
  - 1.1. Með *veltigrind* (öryggishúsi eða -ramma) er átt við grind á dráttarvél sem er einkum ætluð til þess að forðast eða draga úr áhættu ökumanns ef dráttarvél veltur við hefðbundna notkun.
  - 1.2. Það er einkenni á grindum sem eru tilgreindar í lið 1.1 að innan þeirra er nægjanlega stórt autt svæði til að verja ökumanninn ef dráttarvélin veltur.
2. ALMENNAR KRÖFUR
  - 2.1. Allar veltigrindur og festingar þeirra við dráttarvélinu skulu vera hannaðar og smíðaðar þannig að þær fullnægi þeim grundvallarkröfum sem mælt er fyrir um í lið 1.
  - 2.2. Hafa skal eftirlit með að þessari kröfu sé fullnægt með annarri þeirra prófunaraðferða sem er lýst í III. viðauka. Í aðferðinni skal tekið tillit til massa dráttarvélarinnar sem hér segir:
    - vegna dráttarvéla af þeim massa sem er tilgreindur í 9. gr. — III. viðauki B,
    - vegna dráttarvéla sem eru með meiri massa en 1,5 tonn en minni massa en 3,5 tonn — III. viðauki A.
3. UMSÓKN UM EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU ÍHLUTA
  - 3.1. Framleiðandi dráttarvélar eða veltigrindar eða viðurkenndur fulltrúi hans skal leggja fram umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu íhluta fyrir dráttarvél með hliðsjón af styrkleika veltigrindar og festinga hennar við dráttarvélinu.
  - 3.2. Eftirtalin skjöl í þríriti og eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu íhluta:
    - almenn yfirlitstekning sem miðast annaðhvort við kvarða eða sýnir mál veltigrindarinnar. Teikningin verður einkum að sýna festingarhluta í smáatriðum,
    - ljósmyndir frá hlið og aftan frá er sýna festingaratriði í smáatriðum,
    - stutt lýsing á veltigrind og gerð yfirbyggingar, lýsing í smáatriðum á festingum á dráttarvélinni og, ef nauðsyn krefur, bólstrun, aðgengi og undankomuleið, bólstrun að innanverðu, og búnaði til að koma í veg fyrir að dráttarvélin rúlli áfram við veltu og á hitunarbúnaði og loftræstibúnaði,
    - lýsing í smáatriðum á því efni sem er notað í grindarhluta, þar á meðal knegtum og boltum til festingar (sjá V. viðauka).
  - 3.3. Tæknipjónusta sem annast gerðarviðurkenningarprófun skal fá í hendur sýnishorn af gerð dráttarvélar sem á að viðurkenna. Veltigrindin skal vera áföst dráttarvélinni.
  - 3.4. Handhafi EBE-gerðarviðurkenningar íhluta getur farið fram á að hún nái einnig til annarra gerða dráttarvéla. Þar til bært yfirvald sem upphaflega veitti EBE-gerðarviðurkenningu íhluta

skal heimila útvíkkunina ef hin viðurkennda veltigrind og dráttarvélagarð(ir) sem sótt er um útvíkkun fyrir uppfylla eftirtalin skilyrði:

- massi dráttarvélar án fargs, samkvæmt skilgreiningu liðar 1.3. í II. viðauka, er ekki meiri en 5% af viðmiðunarþyngd í prófuninni,
- festingarnar og íhlutar dráttarvélarinnar sem festingarnar fara á eiga saman,
- íhlutar eins og aurbretti og vélarhlíf sem geta stutt við veltigrindina eiga saman.
- sætisstillingu hefur ekki verið breytt.

#### 4. MERKINGAR

- 4.1. Eftirtaldar merkingar skulu vera á hverri einingu veltigrinda sem eru eins og viðurkennda gerðin:
  - 4.1.1. vörumerki eða viðskiptaheiti;
  - 4.1.2. merki gerðarviðurkenningar íhluta í samræmi við sýnishornið í VI. viðauka;
  - 4.1.3. raðnúmer veltigrindar;
  - 4.1.4. tegund(ir) og gerð(ir) dráttarvélar(-véla) sem veltigrindin er ætluð.
- 4.2. Allar þessar upplýsingar skulu settar á litla merkiplötu.
- 4.3. Þessar merkingar skulu vera auðsjáanlegar, læsilegar og óafmáanlegar.

—————

## II. VIÐAUKI

**SKILYRÐI FYRIR STYRKLEIKAPRÓFUN VELTIGRINDA OG FESTINGA  
ÞEIRRA VIÐ DRÁTTARVÉL**

## 1. ALMENNAR KRÖFUR

## 1.1. Tilgangur prófunar

Prófanir sem eru gerðar með sérstökum útbúnaði eiga að líkja eftir því álagi sem veltigrind verður fyrir þegar dráttarvél veltur. Þessar prófanir, sem er lýst í III. viðauka, gera kleift að athuga styrkleika veltigrindar og knegta á dráttarvélinni.

## 1.2. Undirbúningur fyrir prófun

1.2.1. Veltigrind skal prófuð á dráttarvél sem hún er hönnuð fyrir. Hún skal fest á dráttarvélinna í samræmi við fyrirmæli framleiðanda dráttarvélarinnar og/eða framleiðanda veltigrindarinnar.

1.2.2. Þegar prófun fer fram verður dráttarvélin að vera með öllum smíðahlutum raðframleiðslunnar er gætu haft áhrif á styrkleika veltigrindar eða sem teljast nauðsynlegir vegna styrkleikaprófunarinnar.

Hlutar sem geta valdið hættu á auða svæðinu verða að vera festir þannig að unnt sé að skoða þá til að sjá hvort kröfum liðar 4.1 í þessum viðauka hefur verið fullnægt.

1.2.3. Prófunin skal gerð á kyrrstæðri dráttarvél.

## 1.3. Massi dráttarvélar

Viðmiðunarmassi  $W$  sem er notaður í formúlum (sjá III. viðauka A og III. viðauka B) til að reikna út fallhæð kólfsins og álagsskraft skal vera að minnsta kosti sá massi sem er skilgreindur í lið 2.4 í I. viðauka við tilskipun ráðsins 74/150/EBE (þ.e. að frátöldum aukahlutum en að meðtöldum kælivökva, olíum, eldsneyti, verkfærum og öikumanni) ásamt veltigrind og vera undir 75 kg. Aukþyngd að framan og aftan, kjölfesta hjólbarða, áföst áhöld og búnaður og sérstakir fhlutar teljast ekki með.

## 2. TÆKI OG BÚNAÐUR

## 2.1. Kólfur

2.1.1. Kólfurinn skal hanga í tveimur keðjum eða stálvírum frá snúningspunktum sem eru að minnsta kosti 6 m yfir jörðu. Hægt á að vera að stilla hæðina og fjarlægðina milli kólfsins og keðjanna eða stálvíranna.

2.1.2. Kólfurinn skal vega  $2\,000 \pm 20$  kg að frátalinni þyngd keðjanna eða stálvíranna sem mega ekki vega meira en 100 kg. Hliðarlengd högggjafans skal vera  $680 \pm 20$  mm (sjá IV. viðauka, mynd 4). Kólfurinn skal þannig gerður að þungamiðja hans hreyfist ekki til.

2.1.3. Hægt á að vera að draga kólfinn til baka upp í hæð sem er ákveðin fyrir hverja prófun. Hraðsleppibúnaður sér um að kólfurinn sveiflist niður á við án þess að hornið milli kólfsins og keðjanna eða stálvíranna breytist.

**2.2. Festingar kólfsins**

Snúningspunktar kólfsins skulu festir kyrfilega þannig að þeir færast ekki lengra úr stað en sem nemur 1% af fallhæð.

**2.3. Festingar**

2.3.1. Dráttarvélina skal fest með strekkibúnaði við teina sem eru kyrfilega festir við harðan steinsteypuflöt. Á milli teinanna skal vera hæfilegt bil til þess að unnt sé að fest dráttarvélin eins og lýst er í IV. viðauka, myndum 5, 6 og 7. Við hverja prófun skulu hjól dráttarvélarinnar og ástoðir sem eru notaðar hvíla á hörðum fletinum.

2.3.2. Auk strekkibúnaðar og festinga dráttarvélarinnar við teinana skal dráttarvélina fest niður með stálvírum af þeirri lengd sem tilgreind er.

Stálvírnir skulu vera úr sívölum þráðum með trefjakjarna með málin  $6 \times 19$  í samræmi við ISO 2408. Uppgefið þvermál vírsins skal vera 13 mm.

2.3.3. Miðsnúningspunkturinn á liðskiptri dráttarvél skal festur eftir því hvort um er að ræða högg að framan, aftan eða frá hlið eða álagsprófanir og skal auk þess fá stuðning frá hlið vegna hliðarhögga. Ekki er nauðsynlegt að láta aftur- og framhjól standast á ef það gerir það að verkum að þægilegra verður að festa á þá stálvíra, sem við eiga.

**2.4. Stoðir til að skorða hjólin**

2.4.1. Nota skal stoðir til að skorða hjólin vegna hliðarhögga eins og sýnt er í IV. viðauka, mynd 7.

2.4.2. Festa skal stoð úr mjúkum viði sem er u.þ.b.  $150 \times 150$  mm á gólfið til að skorða hjólin á þeirri hlið sem er á móti höggkliðinni eins og sýnt er í IV. viðauka, myndum, 5, 6 og 7.

**2.5. Stoðir og festingar á liðskiptar dráttarvélar**

2.5.1. Nota skal viðbótarstoðir og -festingar fyrir liðskiptar dráttarvélar. Tilgangurinn með því er að tryggja að sá hluti dráttarvélarinnar sem veltigrindin er fest á sé eins stöðugur og á dráttarvél með heilli grind.

2.5.2. Nánari upplýsingar um högg- og álagsprófanir eru gefnar í III. viðauka.

**2.6. Álagsbúnaður**

Með búnaði sem er sýndur í IV. viðauka, mynd 8, verður að vera hægt að beita krafti lóðrétt niður á veltigrind með ósveigjanlegri stoð sem er u.þ.b. 250 mm í þvermál og tengist aflbúnaðinum með algengum liðamótum. Viðeigandi ástoðum skal komið fyrir þannig að hjólbarðar dráttarvélarinnar verði ekki fyrir álagskrafti.

**2.7. Mælitæki**

2.7.1. Í prófununum sem mælt er fyrir um í III. viðauka A og III. viðauka B skal nota búnað með vel festri færanlegri núningshlíf á lóðréttri stöng til þess að mæla mismuninn á hámarkssveigju í skamman tíma og varanlegri sveigju sem fram kemur við höggprófun frá hlið.

2.7.2. Í prófununum sem mælt er fyrir um í III. viðauka A skulu mælingar gerðar að loknum prófunum á rannsóknastofu til að ákveða hvort einhver hluti veltigrindarinnar hefur farið inn á auða svæðið sem lýst er í lið 2 í III. viðauka A.

2.7.3. Í prófununum sem mælt er fyrir um í III. viðauka B skal nota búnað — einnig má nota búnað til ljósmyndunar — til þess að unnt sé að ákveða að loknum prófunum á rannsóknastofu hvort

einhver hluti veltigrindarinnar hefur farið inn á auða svæðið sem er lýst í lið 2 í III. viðauka B á meðan á prófununum stóð.

## 2.8. Vikmörk í mælingum

Eftirfarandi vikmörk skulu gilda um mælingar sem gerðar eru meðan á prófun stendur

- 2.8.1. mál sem eru tekin á meðan á prófunum stendur (nema 2.8.2); mál veltigrindar og dráttarvélar, auða svæðisins og á sveigju hjólbarðanna þegar þeir voru festir niður fyrir höggprófanirnar:  $\pm 3$  mm;
- 2.8.2. hæð kólfs fyrir höggprófanir:  $\pm 6$  mm;
- 2.8.3. mældur massi dráttarvélar:  $\pm 20$  kg;
- 2.8.4. álag notað við álagsprófanir:  $\pm 2\%$ ;
- 2.8.5. horn keðjanna eða stálvíranna sem kólfurinn hangir í við höggpunkt:  $\pm 2^\circ$ .

## 3. PRÓFANIR

### 3.1. Almennar kröfur

#### 3.1.1. Röð prófana

- 3.1.1.1. Skrá og röð prófana skal vera sem hér segir. Atriðisnúmer eru í samræmi við prófanir sem lýst er í III. viðauka A og III. viðauka B:

1. högg að aftan:	1.1,
2. álagsprófun að aftan:	1.4,
3. högg að framan:	1.2,
4. högg frá hlið:	1.3,
5. álagsprófun að framan:	1.5,

- 3.1.1.2. Ef festingarbúnaðurinn hreyfist til eða slitnar á meðan á prófun stendur skal hefja prófun að nýju.

- 3.1.1.3. Óheimilt er að gera við eða gera breytingar á dráttarvélinni eða veltigrindinni á meðan á prófunum stendur.

- 3.1.1.4. Dráttarvélin skal vera í hlutlausum gír og hemlar ótengdir á meðan á prófun stendur.

#### 3.1.2. Sporvídd

Stilla skal sporvídd afturhjóla þannig að tryggt sé eftir því sem unnt er að hjólbarðarnir fái ekki stuðning af veltigrindinni á meðan á prófunum stendur.

#### 3.1.3. Hlutar sem valda ekki hættu fjarlægðir

Allir hlutar dráttarvélarinnar og veltigrindarinnar sem virka, í heild sinni, sem hlíf fyrir ökumann, einnig fyrir veðri, skulu fylgja dráttarvél sem á að prófa. Heimilt er að fjarlægja fram-, aftur- eða hliðarrúður úr öryggisgleri eða svipuðu efni eða laus borð, festingar og aukahluti sem ekki styrkja grindina á neinn hátt og það skapar ekki hættu ef dráttarvélin veltur.

#### 3.1.4. Stefna höggs

Högg frá hlið skal falla á þá hlið sem líklegt er að skaddist meira. Högg að aftan skal falla á það horn sem er fjærst hliðinni sem hliðarhöggið féll á og högg að framan á hornið sem er næst þeirri hlið.

## 3.1.5. Sveigja og loftþrýstingur í hjólbörðum

Ekki má nota vatn í hjólbörðana. Sveigja og loftþrýstingur hjólbörðanna sem eru festir niður í prófununum skal vera í samræmi við eftirfarandi töflu:

	Loftþrýstingur í hjólbörðum (bar)				Sveigja (mm)	
	Radíal-hjólbörðar		Skámynstraðir hjólbörðar		Að framan	Að aftan
	Að framan	Að aftan	Að framan	Að aftan		
Aldrif, fram- og afturhjólbörðar af sömu stærð	1,20	1,20	1,00	1,00	25	25
Aldrif, framhjólbörðar minni en afturhjólbörðar	1,80	1,20	1,50	1,00	20	25
Fram- eða afturhjóladrif	2,40	1,20	2,00	1,00	15	25

## 4. TÚLKUN NIÐURSTAÐNA

4.1. Veltigrind sem er lögð fram til EBE-gerðarviðurkenningar íhluta telst hafa fullnægt kröfum um styrk ef hún uppfyllir eftirtalin skilyrði:

4.1.1. hvorki eru í henni sprungur né rifur eins og lýst er í lið 3.1 í III. viðauka A og III. viðauka B;

4.1.2. að því er varðar prófanir í III. viðauka A: enginn hluti auða svæðisins er utan veltigrindarinnar;

að því er varðar prófanir í III. viðauka B: veltigrindin hefur ekki farið inn á auða svæðið á meðan á högg- eða álagsprófunum stóð og auða svæðið er ekki utan veltigrindarinnar, eins og lýst er í lið 3.2 í III. viðauka B;

4.1.3. að því er varðar prófanir í III. viðauka A: mismunur á hámarksveigju í skamman tíma og varanlegri sveigju sem um getur í lið 3.3. í III. viðauka A er ekki meiri en 15 cm.

Að því er varðar prófanir í III. viðauka B: meðan á hliðarhöggspófun stendur er mismunur á hámarksveigju í skamman tíma og varanlegri sveigju sem um getur í lið 3.3 í III. viðauka B er ekki meiri en 25 cm.

4.2. Auk þess mega önnur atriði ekki skapa hættu fyrir ökumann, t.d. gler sem gæti tvístrast þannig að hætta stafi af, ekki næg bólstrun í lofti eða annars staðar þar sem höfuð ökumanns getur rekist í.

## 5. PRÓFUNARSKÝRSLA

5.1. Prófunarskýrsla skal fylgja EBE-gerðarviðurkenningavottorði íhluta sem um getur í VII. viðauka. Skýrslan skal vera eins sýnt er í V. viðauka. Í henni skal koma fram:

5.1.1. almenn lýsing á byggingarlagi veltigrindar og efni og festingum; ytri mál dráttarvélarinnar með veltigrindinni áfastri; helstu innanmál; lágmarksbil frá stýrishjóli; bil til hliðar við stýrishjól að hliðum veltigrindar; þakhæð veltigrindar yfir sæti eða viðmiðunarpunkti sætis og yfir fótabretti ef það fyrirfinnst; upplýsingar um hvernig komast má greiðlega inn í og út úr

- dráttarvélinni auk undankomuleiðar sem markast af veltigrindinni; upplýsingar um hitunar- og loftræstikerfi eftir því sem við á;
- 5.1.2. skýringar á sérstökum atriðum eins og búnaði til að koma í veg fyrir áframhaldandi veltur;
  - 5.1.3. stutt lýsing á bólstrun að innanverðu til að draga úr áverkum á höfði og öxlum eða til að draga úr hávaða;
  - 5.1.4. greinargerð um tegund framrúða og annarra rúða.
  - 5.2. Í skýrslunni verður að koma greinilega fram gerð dráttarvélar (tegund, gerð og vörulýsing o.s.frv.) sem er notuð í prófuninni og fyrir hvaða gerðir veltigrindin er ætluð.
  - 5.3. Ef EBE-gerðarviðurkenning íhluta nær einnig til annarra gerða dráttarvéla verður einnig að koma fram í skýrslunni nákvæm tilvísun í skýrslu um upphaflega EBE-gerðarviðurkenningu íhluta svo og nákvæmar upplýsingar um kröfurnar í lið 3.4 í I. viðauka.
-

## III. VIÐAUKI

## PRÓFANIR

## A — I. PRÓFUNARADFERÐ

## 1. HÖGG- OG ÁLAGSPRÓFANIR

## 1.1. Högg að aftan

- 1.1.1. Dráttarvélinni skal komið fyrir miðað við kólfinn á þann hátt að hann hæfi veltigrindina þegar högggjafi kólfsins og keðjur eða stálvírar eru á ská við lóðrétt plan sem samsvarar  $20^\circ$  horni nema veltigrindin myndi stærra horn lóðrétt við snertipunktinn meðan á sveigjunni stendur. Í slíku tilviki verður að stilla högggjafa kólfsins með viðbótarfestingum svo hann sé samsíða veltigrindinni við höggpunktinn við hámarks sveigju á meðan keðjur og stálvírar mynda áfram  $20^\circ$  horn eins og tilgreint er hér að framan. Gera verður ráðstafanir til að varna því að kólfurinn snúist um höggpunktinn. Hæð kólfsins verður að stilla þannig að þungamiðja hans fari í gegnum snertipunktinn.

Höggpunkturinn er sá hluti veltigrindarinnar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við afturveltu, oftast efri brúnin. Þungamiðja kólfsins skal vera einn sjötti hluti breiddar á efsta hluta veltigrindarinnar innan við lóðrétt plan sem er samsíða miðjuplanu dráttarvélarinnar og snertir ystu brún á efsta hluta veltigrindarinnar.

Ef bogi aftan á veltigrindinni byrjar aftar innan lóðréttá plansins skal höggið falla við upphaf bogans, þ.e. á þeim punkti þar sem boginn snertir línu sem er hornrétt á miðjuplan dráttarvélarinnar (sjá IV. viðauka, mynd 9).

Ef sá hluti sem stendur út er ekki nægjanlega stórt svæði fyrir kólfinn skal festa stálplötu sem er hæfilega þykk og breið og um 300 mm löng á hlutann þannig að ekki hafi áhrif á styrkleika veltigrindarinnar.

- 1.1.2. Dráttarvélar með heila grind skulu festar niður. Festingarnar skulu vera u.þ.b. 2 m aftan við afturás og 1,5 m framan við framás. Annaðhvort skulu þær vera í sama plani og þungamiðja kólfsins sveiflast í eða ef fleiri en ein festing eru notaðar skal heildarkraftur þeirra liggja í þessu plani, eins og í IV. viðauka, mynd 5.

Festingarnar verður að strekkja þannig að hjólbarðarnir verði fyrir þeirri sveigju sem gefin er í lið 3.1.5 í II. viðauka. Þegar festingar eru strekktar skal viðarstöð,  $150 \times 150$  mm, komið fyrir framan við afturhjólin og ýtt þéttingsfast að þeim.

- 1.1.3. Báðir ásar skulu festir niður á liðskiptum dráttarvélum. Ás þess hluta dráttarvélarinnar sem veltigrindin er fest á telst vera afturás í IV. viðauka, mynd 5. Liðtengingin verður að vera með stöð til stuðnings sem er a.m.k.  $100 \times 100$  mm og fest vandlega með stálvírum við jörðu.

- 1.1.4. Draga skal kólfinn aftur á bak þannig að hæð þungamiðju hans fyrir ofan höggpunkt sé fengin með eftirfarandi formúlu:

$$H = 125 + 0,020 W$$

H táknar fallhæð í millímetrum og W massa dráttarvélar samkvæmt skilgreiningu liðar 1.3 í II. viðauka.

Síðan er kólfinum sleppt og hæfir hann þá veltigrindina.

## 1.2. Högg að framan

- 1.2.1. Dráttarvélinni skal komið fyrir miðað við kólfinn á þann hátt að hann hæfi veltigrindina þegar högggjafi kólfsins og keðjur eða stálvírar eru á ská við lóðrétt plan sem samsvarar  $20^\circ$  horni nema veltigrindin myndi stærra horn lóðrétt við snertipunktinn meðan á sveigjunni stendur. Í slíku tilviki verður að stilla högggjafa kólfsins með viðbótarfestingum svo hann sé samsíða veltigrindinni við höggpunktinn við hámarkssveigju á meðan keðjur og stálvírar mynda áfram  $20^\circ$  horn eins og tilgreint er hér að framan. Gera verður ráðstafanir til að varna því að kólfurinn snúist um höggpunktinn. Hæð kólfsins verður að stilla þannig að þungamiðja hans fari í gegnum snertipunktinn.

Höggpunkturinn er sá hluti veltigrindarinnar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við hliðarveltu í akstri áfram, oftast efri brúnin að framan. Þungamiðja kólfsins skal ekki vera meira en 80 mm frá lóðréttu plani sem er samsíða miðjuplanu dráttarvélarinnar og snertir ystu brún á efsta hluta veltigrindarinnar.

Ef bogi framan á veltigrindinni byrjar aftur innan lóðréttu plansins skal höggið falla við upphaf bogans, þ.e. á þeim punkti þar sem boginn snertir línu sem er hornrétt á miðjuplan dráttarvélarinnar (sjá IV. viðauka, mynd 9).

- 1.2.2. Dráttarvélur með heila grind skulu festar niður. Festingarnar skulu vera u.þ.b. 2 m aftan við afturás og 1,5 m framan við framás.

Festingarnar verður að strekkja þannig að hjólbarðarnir verði fyrir þeirri sveigju sem gefin er í lið 3.1.5 í II. viðauka. Þegar festingar eru strekktar skal viðarstoð,  $150 \times 150$  mm, komið fyrir framan við afturhjólin og ýtt þéttingsfast að þeim.

- 1.2.3. Báðir ásar skulu festir niður á liðskiptum dráttarvélum. Ás þess hluta dráttarvélarinnar sem veltigrindin er fest á telst vera afturás í IV. viðauka, mynd 6. Liðtengingin verður að vera með stoð til stuðnings sem er a.m.k.  $100 \times 100$  mm og vandlega fest með stálvírum við jörðu.

- 1.2.4. Draga skal kólfinn aftur á bak þannig að hæð þungamiðju hans fyrir ofan höggpunkt sé fengin með eftirfarandi formúlu:

$$H = 125 + 0,020 W$$

## 1.3. Högg frá hlið

- 1.3.1. Dráttarvélinni skal komið fyrir miðað við kólfinn á þann hátt að hann hæfi veltigrindina þegar högggjafi kólfsins og keðjur eða stálvírar eru lóðrétt nema veltigrindin sé ekki lóðrétt við snertipunktinn meðan á sveigjunni stendur. Í slíku tilviki verður að stilla högggjafa kólfsins með viðbótarfestingum svo hann sé samsíða veltigrindinni við höggpunktinn við hámarkssveigju á meðan keðjur og stálvírar eru áfram lóðrétt. Hæð kólfsins verður að stilla þannig að þungamiðja hans fari í gegnum snertipunktinn.

Höggpunkturinn er sá hluti veltigrindarinnar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við hliðarveltu, oftast efri brúnin. Ef það er öruggt að annar hluti brúnarinnar lendi fyrst í jörðu skal höggpunkturinn vera í plani sem er hornrétt á miðjuplan dráttarvélarinnar og liggur í gegnum miðju sætis við miðjustillingu. Gera verður ráðstafanir til að koma í veg fyrir að kólfurinn snúist um snertipunktinn.

- 1.3.2. Ás á dráttarvélum með heila grind sem er ósveigjanlegur miðað við veltigrind skal festur á þeirri hlið sem högg fellur á. Á fram- eða afturhjóladrifinni dráttarvél er þetta yfirleitt afturás-inn; þetta er sýnt í IV. viðauka, mynd 7. Festingarnar tvær skulu liggja yfir ásinn frá punktum

sem liggja beint undir honum, önnur liggur yfir festingarpunkt sem er u.þ.b. 1,5 m framan við ásinn og hin yfir punkt sem er u.þ.b. 1,5 m aftan við ásinn. Festingarnar verður að strekkja þannig að hjólbarðarnir verði fyrir þeirri sveigju sem gefin er í lið 3.1.5 í II. viðauka. Þegar festingar eru strekktar skal viðarstoð komið fyrir framan við hjólin á móti högginu og fest þannig við gólfið að hún haldist þéttingsfast upp við felguna í högginu eins og sýnt er í IV. viðauka, mynd 7. Lengd stoðarinnar skal valin þannig að þegar hún er lögð við hjólin sé hornið  $30 \pm 3^\circ$  á lárétt plan. Lengdin skal vera 20 til 25 sinnum þykktin og breiddin tvisvar til þrisvar sinnum þykktin. Hindra skal, með stoð sem er fest við gólfið móti hjólunum á þeirri hlið sem er gagnstæð höggliðinni, að ásarnir skriði til hliðanna.

- 1.3.3. Festa verður þann hluta liðskiptrar dráttarvélar sem veltigrind er fest á kyrfilega við jörðu eins og gert er við dráttarvélar sem eru ekki liðskiptar.

Báðir ásar liðskiptra dráttarvéla skulu festir við jörðu. Ás og hjól á þeim hluta dráttarvélar sem veltigrindin er fest á skulu fest og studd eins og sýnt er í IV. viðauka, mynd 7. Liðtengingin verður að vera með stoð til stuðnings sem er a.m.k.  $100 \times 100$  mm og vandlega festur við jörðu. Koma skal stoð fyrir við liðtenginguna og festa hana kyrfilega við gólfið þannig að hún hafi sömu áhrif og stoð sem sett er við afturhjólin og veiti svipaðan stuðning og á dráttarvél með heilli grind.

- 1.3.4. Draga skal kólfinn aftur þannig að hæð þungamiðju hans fyrir ofan höggpunkt sé fengin með eftirfarandi formúlu:

$$H = 125 + 0,020 W$$

#### 1.4. **Álag að aftan**

Dráttarvélin skal staðsett í búnaðinum eins og lýst er í lið 2.6 í II. viðauka og sýnt í IV. viðauka, á myndum 8 og 10, þannig að brún stoðarinnar að aftan sé yfir aftasta hluta veltigrindar að ofan sem verður fyrir álagi og lengdarmiðjuplan dráttarvélarinnar sé miðja vegu milli álagspunkta á stoðina.

Ásberar skulu settir undir ásana þannig að enginn álagskraftur verði á hjólbarðana. Krafturinn sem er beitt skal samsvara tvisvar sinnum massa dráttarvélarinnar sem er skilgreindur í lið 1.3 í II. viðauka. Verið getur að festa þurfi fremri hluta dráttarvélarinnar.

#### 1.5. **Álag að framan**

- 1.5.1. Þessi prófun skal vera eins og álagsprófun að aftan, þó skal fremri brún stoðarinnar vera yfir fremsta hluta veltigrindar að ofan.

- 1.5.2. Ef fremri hluti veltigrindar að ofan þolir ekki álagið skal beita álaginu þar til þakið sveigist til hliðar og fellur saman við plan sem tengir efri hluta veltigrindar og þann hluta dráttarvélar að framan sem massi dráttarvélarinnar hvílir á ef um veltu er að ræða. Álaginu skal létt af og dráttarvélin sett í fyrri stöðu til þess að stoðin fari yfir þann punkt á veltigrindinni sem afturhluti dráttarvélarinnar myndi hvíla á ef hún ylti alveg, eins og sýnt er í IV. viðauka, mynd 10, síðan skal setja fullt álag á.

## 2. **AUÐA SVÆÐIÐ**

- 2.1. „Auða svæðið“ markast af eftirfarandi plönum þegar dráttarvélin er á láréttu yfirborði:

—lárétt plan, 95 cm yfir sæti með álagi;

- lóðrétt plan, hornrétt á miðjuplan dráttarvélarinnar og 10 cm aftan við sætið;
  - lóðrétt plan, samsíða miðjuplani dráttarvélarinnar og 25 cm vinstra megin við sætismiðju;
  - lóðrétt plan, samsíða miðjuplani dráttarvélarinnar og 25 cm hægra megin við sætismiðju;
  - hallandi plan með láréttri línu sem er hornrétt á miðjuplan dráttarvélarinnar, 95 cm yfir sæti með álagi og 45 cm (auk eðlilegra sætishreyfinga fram og aftur) framan við sætisbak. Þetta hallandi plan liggur framan við stýrishjólið og er aldrei nær brún þess en 4 cm.
- 2.2. Taka skal ákvörðun um sætisbak óháð bólstrun þess. Sætið skal vera í öftustu stillingu miðað við eðlilegar starfsaðstæður á dráttarvélinni og í hæstu stöðu ef unnt er að stilla það óháð öðru. Ef unnt er að stilla fjöðrun sætis skal það vera miðjustillt miðað við 75 kg álag.

### 3. MÆLINGAR

#### 3.1. Brot og sprungur

Eftir hverja prófun skal skoða alla byggingarhluta, samskeyti og festibúnað á sjónrænan hátt og athuga hvort í þeim séu brot eða sprungur, en líta má fram hjá smávægilegum sprungum í hlutum sem ekki teljast mikilvægir.

#### 3.2. Auða svæðið

3.2.1. Veltigrind skal skoðuð á meðan á hverju prófi stendur til þess að sjá hvort einhver hluti veltigrindarinnar hefur farið inn á auða svæðið í kringum ökumannssætið samkvæmt skilgreiningu liðar 2.

3.2.2. Að auki skal skoða veltigrindina til að ákvarða hvort einhver hluti auða svæðisins sé óvarinn af grindinni. Að því er þetta varðar telst það óvarið af veltigrind ef einhver hluti þess hefði snert jörðu ef dráttarvélin hefði oltið á þá hlið sem höggið kom á. Að því er þetta varðar skulu fram- og afturhjólabarðar vera eins smáir og sporvidd eins lítil og unnt er samkvæmt forskrift framleiðanda.

#### 3.3. Hámarksskammtímasveigja

Við höggprófun frá hlið skal skrá mismun milli hámarksskammtímasveigju og varanlegrar sveigju 950 mm yfir sæti með álagi. Annar endi stangarinnar sem lýst er í lið 2.7.1 í II. viðauka skal festur við efri hluta veltigrindar og hinn endinn settur gegnum gat á lóðréttu standinum. Staðsetning núningshlífar á stönginni eftir höggprófun sýnir hámarksskammtímasveigju.

#### 3.4. Varanleg sveigja

Að álagsprófunum loknum skal varanleg sveigja veltigrindar skráð. Að því er þetta varðar skal skrá stöðu helstu hluta veltigrindar miðað við viðmiðunarpunkt sætis áður en prófun hefst.

## B — II. PRÓFUNARADFERÐ

### 1. HÖGG- OG ÁLAGSPRÓFANIR

#### 1.1. Högg að aftan

1.1.1. Dráttarvélinni skal komið fyrir miðað við kólfinn á þann hátt að hann hæfi veltigrindina þegar högggjafi kólfsins og keðjur eða stálvírar eru á ská við lóðrétt plan sem samsvarar 20° horni nema

veltigrindin myndi stærra horn lóðrétt við snertipunktinn meðan á sveigjunni stendur. Í slíku tilviki verður að stilla högggjafa kólfsins með viðbótarfestingum svo hann sé samsíða veltigrindinni við höggpunktinn við hámarkssveigju á meðan keðjur og stálvírar mynda áfram  $20^\circ$  horn eins og tilgreint er hér að framan. Gera verður ráðstafanir til að varna því að kólfurinn snúist um snertipunktinn. Hæð kólfsins verður að stilla þannig að þungamiðja hans fari í gegnum snertipunktinn.

Höggpunkturinn er sá hluti veltigrindarinnar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við afturveltu, oftast efri brúnin. Þungamiðja kólfsins er einn sjötti hluti breiddar á efsta hluta veltigrindarinnar innan við lóðrétt plan sem er samsíða miðjuplanu dráttarvélarinnar og snertir ystu brún á efsta hluta veltigrindarinnar.

Ef bogi aftan á veltigrindinni byrjar aftan innan lóðréttu plansins skal höggið falla við upphaf bogans, þ.e. á þeim punkti þar sem boginn snertir línu sem er hornrétt á miðjuplan dráttarvélarinnar (sjá IV. viðauka, mynd 9).

Ef sá hluti sem stendur út er ekki nægjanlega stórt svæði fyrir kólfinn skal festa stálplötu sem er hæfilega þykk og breið og um 300 mm löng á hlutann þannig að ekki hafi áhrif á styrkleika veltigrindarinnar.

- 1.1.2. Dráttarvélar með heila grind skulu festar niður. Festingarnar skulu vera u.þ.b. 2 m aftan við afturás og 1,5 m framan við framás. Þær skulu annaðhvort vera á því plani sem þungamiðja kólfsins sveiflast um eða meginstyrkur fleiri en einnar festingar skal koma fram, eins og í IV. viðauka, mynd 5.

Festingarnar verður að strekkja þannig að hjólbarðarnir verði fyrir þeirri sveigju sem gefin er í lið 3.1.5 í II. viðauka. Þegar festingar eru strekktar skal viðarstoð,  $150 \times 150$  mm, komið fyrir framan við afturhjólin og ýtt þéttingsfast að þeim.

- 1.1.3. Báðir ásar skulu festir niður á liðskiptum dráttarvélum. Ás þess hluta dráttarvélarinnar sem veltigrindin er fest á telst vera afturás í IV. viðauka, mynd 5. Liðtengingin verður að vera með stoð til stuðnings sem er a.m.k.  $100 \times 100$  mm og fest vandlega með stálvírum við jörðu.

- 1.1.4. Draga skal kólfinn aftur á bak þannig að hæð þungamiðju hans fyrir ofan höggpunkt sé fengin með eftirfarandi formúlu:

$$H = 2,165 \times 10^{-4} \times WL^2 \text{ eða } H = 5,73 \times 10^{-2} \times I$$

þar sem:

H = fallhæð í millímetrum,

W = massi dráttarvélar samkvæmt skilgreiningu liðar 1.3 í II. viðauka.

L = hámarkssporvidd dráttarvélar í millímetrum,

I = hverfitregða afturáss, án hjóla, í  $\text{kg} \cdot \text{m}^2$ .

Síðan er kólfinum sleppt og hæfir hann þá veltigrindina.

- 1.1.5. Ekki skal gera höggprófun að aftan á dráttarvélum með 50% massa, samkvæmt skilgreiningu liðar 1.3 í II. viðauka, á framásnum.

## 1.2. Högg að framan

- 1.2.1. Dráttarvélinni skal komið fyrir miðað við kólfinn á þann hátt að hann hæfi veltigrindina þegar högggjafi kólfsins og keðjur eða stálvírar eru á ská við lóðrétt plan sem samsvarar  $20^\circ$  horni nema veltigrindin myndi stærra horn lóðrétt við snertipunktinn meðan á sveigjunni stendur. Í slíku tilviki verður að stilla högggjafa kólfsins með viðbótarfestingum svo hann sé samsíða veltigrindinni við höggpunktinn

við hámarkssveigju á meðan keðjur og stálvírar mynda áfram 20° horn eins og tilgreint er hér að framan. Gera verður ráðstafanir til varnar því að kólfurinn snúist um höggpunktinn. Hæð kólfsins verður að stilla þannig að þungamiðja hans fari í gegnum snertipunktinn.

Höggpunkturinn er sá hluti veltigrindarinnar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við hliðarveltu í akstri áfram, oftast efri brúin að framan. Þungamiðja kólfsins skal ekki vera meira en 80 mm frá lóðréttu plani sem er samsíða miðjuplanu dráttarvélarinnar og snertir ystu brún á efsta hluta veltigrindarinnar.

Ef bogi framan á veltigrindinni byrjar aftur innan lóðréttu plansins skal höggið falla við upphaf bogans, þ.e. á þeim punkti þar sem boginn snertir línu sem er hornrétt á miðjuplan dráttarvélarinnar (sjá IV. viðauka, mynd 9).

- 1.2.2. Dráttarvélar með heila grind skulu festar niður. Festingarnar skulu vera u.þ.b. 2 m aftan við afturás og 1.5 m framan við framás.

Festingarnar verður að strekkja þannig að hjólbarðarnir verði fyrir þeirri sveigju sem gefin er í lið 3.1.5 í II. viðauka. Þegar festingar eru strekktar skal viðarstoð, 150 × 150 mm, komið fyrir framan við afturhjólin og ýtt þéttingsfast að þeim.

- 1.2.3. Báðir ásar skulu festir niður á liðskiptum dráttarvélum. Ás þess hluta dráttarvélarinnar sem veltigrindin er fest á telst vera afturás í IV. viðauka, mynd 6. Liðtengingin verður að vera með stoð til stuðnings sem er a.m.k. 100 × 100 mm og fest vandlega með stálvírum við jörðu.

- 1.2.4. Draga skal kólfinn aftur á bak þannig að hæð þungamiðju hans fyrir ofan höggpunkt sé fengin með eftirfarandi formúlu:

$$H = 125 + 0,020 W$$

### 1.3. Högg frá hlið

- 1.3.1. Dráttarvélinni skal komið fyrir miðað við kólfinn á þann hátt að hann hæfi veltigrindina þegar högggjafi kólfsins og keðjur eða stálvírar eru lóðrétt nema veltigrindin sé ekki lóðrétt við snertipunktinn meðan á sveigjunni stendur. Í slíku tilviki verður að stilla högggjafa kólfsins með viðbótarfestingum svo hann sé samsíða veltigrindinni við höggpunktinn við hámarkssveigju á meðan keðjur og stálvírar eru áfram lóðrétt. Hæð kólfsins verður að stilla þannig að þungamiðja hans fari í gegnum snertipunktinn.

Höggpunkturinn er sá hluti veltigrindarinnar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við hliðarveltu, oftast efri brúin. Ef það er öruggt að annar hluti brúnarinnar lendi fyrst í jörðu skal höggpunkturinn vera í plani sem er hornrétt á miðjuplan dráttarvélarinnar og liggur í gegnum miðju sætis við miðjustillingu. Gera verður ráðstafanir til að koma í veg fyrir að kólfurinn snúist um snertipunktinn.

- 1.3.2. Ás á dráttarvélum með heila grind sem er ósveigjanlegur miðað við veltigrind skal festur á þeirri hlið sem högg fellur á. Á fram- eða afturhjóladrifinni dráttarvél er þetta yfirleitt afturásinn; þetta er sýnt í IV. viðauka, mynd 7. Festingarnar tvær skulu liggja yfir ásinn frá punktum sem liggja beint undir honum, önnur liggur yfir festingarpunkt sem er u.þ.b. 1,5 m framan við ásinn og hin yfir punkt sem er u.þ.b. 1,5 m aftan við ásinn. Festingarnar verður að strekkja þannig að hjólbarðarnir verði fyrir þeirri sveigju sem gefin er í lið 3.1.5 í II. viðauka. Þegar festingar eru strekktar skal viðarstoð komið fyrir framan við hjólin móti högginu og fest þannig við gólfið að hún haldist þéttingsfast upp við felguna í högginu eins og sýnt er í IV. viðauka, mynd 7. Lengd stoðarinnar skal þannig

valin að þegar hún er lögð við hjólin sé hornið  $30 \pm 3^\circ$  á lárétt plan. Lengdin skal vera 20 til 25 sinnum þykktin og breiddin tvisvar til þrisvar sinnum þykktin. Hindra skal að ásarnir skríði til hliðanna með stoð sem er fest við gólfið móti hjólunum á þeirri hlið sem er gagnstæð höggkliðinni.

- 1.3.3. Festa verður þann hluta liðskiptrar dráttarvélar sem veltigrind er fest á kyrfilega við jörðu eins og gert er við dráttarvélar sem eru ekki liðskipptar.

Báðir ásar liðskiptra dráttarvéla skulu festir við jörðu. Ás og hjól á þeim hluta dráttarvélar sem veltigrindin er fest á skulu fest og studd eins og sýnt er í IV. viðauka, mynd 7. Liðtengingin verður að vera með stoð til stuðnings sem er a.m.k.  $100 \times 100$  mm og vandlega festur við jörðu. Koma skal stoð fyrir við liðtenginguna og festa hana kyrfilega við gólfið þannig að hún hafi sömu áhrif og stoð sem sett er við afturhjólin og veiti svipaðan stuðning og á dráttarvél með heilli grind.

- 1.3.4. Draga skal kólfinn aftur þannig að hæð þungamiðju hans fyrir ofan höggpunkt sé fengin með eftirfarandi formúlu:

$$H = 125 + 0,150 W$$

#### 1.4. **Álag að aftan**

Dráttarvélin skal staðsett í búnaðinum eins og lýst er í lið 2.6 í II. viðauka og sýnt í IV. viðauka, á myndum 8 og 10, þannig að brún stoðarinnar að aftan sé yfir aftasta hluta veltigrindar að ofan sem verður fyrir álagi og lengdarmiðjuplan dráttarvélarinnar sé miðja vega milli álagspunkta á stoðina.

Ásberar skulu settir undir ásana þannig að enginn álagskraftur verði á hjólbarðana. Krafturinn sem er beitt skal samsvara tvisvar sinnum massa dráttarvélarinnar sem er skilgreindur í lið 1.3 í II. viðauka. Verið getur að festa þurfi fremri hluta dráttarvélarinnar.

#### 1.5. **Álag að framan**

- 1.5.1. Þessi prófun skal vera eins og álagsprófun að aftan, þó skal fremri brún stoðarinnar vera yfir fremsta hluta veltigrindar að ofan.

- 1.5.2. Ef fremri hluti veltigrindar að ofan þolir ekki álagið skal beita álaginu þar til þakið sveigist til hliðar og fellur saman við plan sem tengir efri hluta veltigrindar og þann hluta dráttarvélar að framan sem massi dráttarvélarinnar hvílir á ef um veltu er að ræða. Álaginu skal létt af og dráttarvélin sett í fyrri stöðu til þess að stoðin fari yfir þann punkt á veltigrindinni sem afturhluti dráttarvélarinnar myndi hvíla á ef hún ylti alveg, eins og sýnt er í IV. viðauka, mynd 10, síðan skal setja fullt álag á.

#### 2. **AUÐA SVÆÐIÐ**

- 2.1. Auða svæðinu er lýst í IV. viðauka, mynd 3, og er skilgreint með hliðsjón af lóðréttu viðmiðunarplani sem liggur yfirleitt eftir endilangri dráttarvélinni og í gegnum viðmiðunarpunkt sætis, sem er lýst í lið 2.3, og miðju stýrishjóls. Gera skal ráð fyrir að viðmiðunarplanið færast lárétt með sætinu og stýrishjólinu þegar álag er sett á en haldist hornrétt á gólf dráttarvélarinnar eða veltigrindina ef á þeim er fjöðrunarbúnaður.

Ef unnt er að stilla stýrishjólið skal það vera stillt miðað við eðlilegan akstur þar sem ökumaður situr í sætinu.

- 2.2. Mörk svæðisins eru mæld sem:
- 2.2.1. lóðrétt plön 250 mm á hvorri hlið viðmiðunarplans sem nær 300 mm upp á við frá viðmiðunarpunkti sætis;
  - 2.2.2. samsíða plön sem ná frá efri brúnnum plana í 2.2.1 900 mm að hámarki yfir viðmiðunarpunkt sætis og hallast þannig að efri brún plans næst högginu er að minnsta kosti 100 mm frá viðmiðunarplaninu;
  - 2.2.3. lárétt plan sem er 900 mm yfir viðmiðunarpunkti sætis;
  - 2.2.4. hallandi plan sem er hornrétt á viðmiðunarplan og í er punktur 900 mm beint yfir viðmiðunarpunkti sætis og aftasti punktur sætis ásamt fjöðrunarbúnaði;
  - 2.2.5. lóðrétt plan, hornrétt á viðmiðunarplan og sem nær niður á við frá aftasta punkti sætis;
  - 2.2.6. boginn flötur, hornrétt á viðmiðunarplan, með 120 mm radíus sem snertir plön í 2.2.3 og 2.2.4.;
  - 2.2.7. boginn flötur, hornrétt á viðmiðunarplan, með 900 mm radíus sem nær 400 mm fram á við frá plani í 2.2.3 og snertir það á punkti sem er 150 mm framan við viðmiðunarpunkt sætis;
  - 2.2.8. hallandi plan, hornrétt á viðmiðunarplan, og tengist yfirborði í 2.2.7. á fremri brún þess og er 40 mm frá stýrishjóli. Ef stýrishjólið er hátt stillt skal snertiplan við yfirborð 2.2.7. koma í stað þessa plans;
  - 2.2.9. lóðrétt plan, hornrétt á viðmiðunarplan, 40 mm framan við stýrishjól;
  - 2.2.10. lárétt plan gegnum viðmiðunarpunkt sætis.
- 2.3. **Staðsetning sætis og viðmiðunarpunktur sætis**
- 2.3.1. Til þess að skilgreina auða svæðið í lið 2.1 skal sætið vera í öftustu stillingu miðað við lárétt stillingarsvæði. Það skal vera við hæsta punkt lóðrétt stillingarsvæðis ef það er óháð lárétrri stillingu.  
Ákvarða skal viðmiðunarpunkt með því að nota það tæki sem lýst er á mynd 1 og 2 í IV. viðauka þannig að líkt sé eftir álagi frá manni. Tækið skal gert úr sætisplötu og bakplötu. Neðri bakplata skal tengd í mjaðmarhæð (A) og í lendahæð (B) og skulu samskeyti (B) vera hæðarstillanleg .
  - 2.3.2. Viðmiðunarpunktur er skilgreindur sem punktur í lengdarmiðjuplanu sætis þar sem snertiplan neðri bakplötu og lárétt plan skerast. Lárétta planið sker neðra borð sætisplötu 150 mm að framan við fyrgreint snertiplan.
  - 2.3.3. Ef í sæti er fjöðrunarbúnaður sem hægt er að stilla eftir þyngd ökumanns skal stilla sætið í miðstillingu.  
Tækið skal vera á sætinu. Á það skal hafa kraftinn 550 N á punkti sem er 50 mm framan við samskeyti (A) og skal þrýst varlega á báða hluta bakplötunnar þannig að þeir snerti bak sætisins.
  - 2.3.4. Ef ekki reynist mögulegt að ákvarða nákvæma snertilínu við bak sætis (ofan og neðan við mjóhrygg) á eftirfarandi við:
    - 2.3.4.1. liggi engin snertilína að neðra svæðinu er neðri hluta bakplötu þrýst lóðrétt á sætisbakið;

- 2.3.4.2. liggja engin snertilína í efra svæðið eru samskeytin (B) fest í hæð sem er 230 mm yfir viðmiðunarpunkti sætis, ef neðri hluti bakplötu er lóðréttur. Því næst er báðum hlutum bakplötu þrýst hæglega að sætisbakinu.

### 3. MÆLINGAR

#### 3.1. Brot og sprungur

Eftir hverja prófun skal skoða allar burðareiningar, samskeyti og festibúnað á sjónrænan hátt og athuga hvort í þeim séu brot eða sprungur, en líta má fram hjá smávægilegum sprungum í hlutum sem ekki teljast mikilvægir.

#### 3.2. Auða svæðið

- 3.2.1. Veltigrind skal skoðuð á meðan á hverju prófi stendur til þess að sjá hvort einhver hluti veltigrindarinnar hefur farið inn á auða svæðið í kringum ökumannssætið samkvæmt skilgreiningu liðar 2.1 og 2.2.

- 3.2.2. Að auki skal skoða veltigrindina til að ákvarða hvort einhver hluti auða svæðisins sé óvarinn af grindinni. Að því er þetta varðar telst það óvarið af veltigrind ef einhver hluti þess hefði snert jörðu ef dráttarvélina hefði oltið á þá hlið sem höggið kom á. Að því er þetta varðar skulu fram- og afturhjólabarðar vera eins smáir og sporvídd eins lítil og unnt er samkvæmt forskrift framleiðanda.

#### 3.3. Hámarksskammtímasveigja

Við höggprófun frá hlið skal skrá mismun milli hámarksskammtímasveigju og varanlegrar sveigju 900 mm yfir sæti með álagi og 150 mm framan við viðmiðunarpunkt sætis. Annar endi stangarinnar sem lýst er í lið 2.7.1 í II. viðauka skal festur við efri hluta veltigrindar og hinn endinn settur gegnum gat á lóðréttan standinum. Staðsetning núningshlífar á stönginni eftir höggprófun sýnir hámarksskammtímasveigju.

#### 3.4. Varanleg sveigja

Að álagsprófunum loknum skal varanleg sveigja veltigrindar skráð. Að því er þetta varðar skal skrá stöðu helstu hluta veltigrindar miðað við viðmiðunarpunkt sætis áður en prófun hefst.

*IV. VIÐAUKI***MYNDIR**

Liðamót

Efri bakplata

Neðri bakplata

Liðamót

Sætisplata

Mál í mm

Mál í mm

*Mynd 1*

*Mynd 2*

Búnaður til að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis

Aðferð við að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis

550 N

550 N

Stýrishjól í hárrí  
stillingu

Mál í mm

Stýrishjól í eðlilegri stillingu

Víðmiðunarpunktur sætis

*Mynd 3*

Auða svæðið

660 til 700  
1 980 til 2 020 kg  
Högggjafi  
660 til 700  
Merkistaða  
Þungamiðju  
Mál í millímetrum

*Mynd 4*

**Skýringamynd af kólfi**

Sjá um loftþrýsting í hjólbörðum og sveigju í lið 3.1.5 í II. viðauka  
Þungamiðja  
kólfsins fer  
í gegnum  
snertipunktinn

U.þ.b. 1,5 m

U.þ.b. 2,0 m

Festing

Stoð skorðuð framan við bæði hjólin eftir festingu

Tveir stálvírar sem þrýsta niður á ásinn

*Mynd 5*

**Högg að aftan**

*Athugasemd:*

Lögun veltigrindarinnar á myndinni er eingöngu ætluð sem lýsing og til viðmiðunar á málum. Hún felur ekki í sér kröfur um hönnun.

Sjá um loftþrýsting í hjólbörðum og sveigju í lið 3.1.5 í II. viðauka

Þungamiðja  
kólfsins fer  
í gegnum  
snertipunktinn

U.þ.b. 1,5 m

U.þ.b. 2,0 m

Festing

Stoð skorðuð framan við bæði hjólin eftir festingu

Tveir stálvírar sem þrýsta niður á ásinn

*Mynd 6*

**Högg að framan**

*Athugasemd:*

Lögun veltigrindarinnar á myndinni er eingöngu ætluð sem lýsing og til viðmiðunar á málum. Hún felur ekki í sér kröfur um hönnun.

Sjá um loftþrýsting í hjólbörðum og sveigju í lið 3.1.5 í II. viðauka

Þungamiðja  
kólfsins fer  
í gegnum  
snertipunktinn

Stoð: lengd = 20 til 25 × þykktin

breidd = 2 til 3 × þykktin

$30 \pm 3^\circ$  lárétt horn

Tveir stálvírar sem þrýsta niður á ásinn á þeirri hlið sem höggið lendir á

*Mynd 7*

### **Högg frá hlið**

*Athugasemd:*

Lögun veltigrindarinnar á myndinni er eingöngu ætluð sem lýsing og til viðmiðunar á málum. Hún felur ekki í sér að sýna kröfur um hönnun.

Hjöru-  
liður

Tvöfaldir  
vökvahólfar

Hjöru-  
liður

Stoðir undir fram- og afturás

*Mynd 8*

### **Álagsprófun**

*Athugasemd:*

Lögun veltigrindarinnar á myndinni er eingöngu ætluð sem lýsing og til viðmiðunar á málum. Hún felur ekki í sér kröfur um hönnun.

	Gildið x
Högg að aftan	Einn sjötti af þakbreidd veltigrindar (sjá lið 1.1.1. í III. viðauka A eða III. viðauka B)
Högg að framan	80 mm (sjá lið 1.2.1. í III. viðauka A eða III. viðauka B)

Sveifluplan  
þungamiðju kólfs  
miðað við fjarlægðina x  
frá hlið veltigrindar

Lengdarmiðjuplan  
dráttarvélar

Sveifluplan  
þungamiðju kólfs  
við upphaf ferils,  
ef hann er meira en x  
frá hlið veltigrindar

*Mynd 9*

Teikning af plönum veltigrindar og kólfs er sýnir staðsetningu sveifluplans við höggprófanir að aftan og framan

*Athugasemd:*

Kólfur sýndur vinstra megin við miðjuplan. Þær hliðar sem notaðar eru til höggprófana að framan og aftan eru fyrir hverja prófun ákvarðaðar í samræmi við lið 3.1.4 í II. viðauka.

Staðsetning stoðar í  
álagsprófun að aftan

Staðsetning stoðar í  
álagsprófun að framan

Önnur staðsetning stoðar í  
álagsprófun að framan, ef  
fremri hluti þaks þolir ekki  
fullan álagskraft

Ímyndað grunnplan

Dráttarvélarluti  
sem getur borið  
massa hennar í veltu

*Mynd 10*

**Staðsetning stoðar við álagsprófanir**

*Athugasemd:*

Lögun veltigrindarinnar á myndinni er eingöngu ætluð sem lýsing og til viðmiðunar á málum. Hún felur ekki í sér kröfur um hönnun.

\_\_\_\_\_

## V. VIÐAUKI

## FYRIRMYND

**SKÝRSLA UM PRÓFUN VEGNA EBE-GERÐARVIÐURKENNINGAR ÍHLUTA Á STYRKLEIKA  
VELTIGRINDAR (ÖRYGGISRAMMA EÐA HÚSI) OG FESTINGA HENNAÐRÁTTARVÉLINA**

Veltigrind	
Tegund	
Gerð	
Tegund dráttarvélar	
Gerð dráttarvélar	
Prófunaraðferð	I/II <sup>(1)</sup>

Prófunarstöð
--------------

EBE-gerðarviðurkenningarnúmer íhluta .....

1. Vörumerki eða viðskiptaheiti og gerð veltigrindar .....

.....

2. Nafn og heimilisfang framleiðanda dráttarvélar eða veltigrindar .....

.....

3. Ef við á, nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda dráttarvélar eða veltigrindar .....

.....

**4. Lýsing dráttarvéla sem prófaðar eru**

4.1. Vörumerki eða viðskiptaheiti .....

4.2. Gerð og verslunarheiti .....

4.3. Raðnúmer .....

4.4. Massi dráttarvélar án fargs með áfastri veltigrind, án ökumanns .....kg

4.5. Hjólhaf/hverfitregða <sup>(1)</sup> ..... mm/kg/m<sup>2</sup> <sup>(1)</sup>

4.6. Hjólbarðastærð: að framan .....

að aftan .....

**5. Útvíkkun EBE-gerðarviðurkenningar til annarra gerða dráttarvéla**

5.1. Vörumerki eða viðskiptaheiti .....

<sup>(1)</sup> Strikið yfir það sem á ekki við.

- 5.2. Gerð og verslunarheiti . . . . .
- 5.3. Massi dráttarvélar án fargs með áfastri veltigrind, án ökumanns: . . . . . kg
- 5.4. Hjólhaf/hverfitregða <sup>(1)</sup> . . . . . mm/kg/m<sup>2</sup>(<sup>1</sup>)
- 5.5. Hjólbarðastærð: að framan . . . . .  
 að aftan . . . . .
- 6. Lýsing veltigrindar**
- 6.1. Almenn yfirlitsteikning af veltigrind og festingum hennar við dráttarvélinu
- 6.2. Ljósmyndir frá hlið og aftan frá er sýna festingaratriði í smáatriðum
- 6.3. Stutt lýsing á veltigrind og gerð yfirbyggingar, lýsing í smáatriðum á festingum á dráttarvélinni og klæðningu, aðgangi og undankomuleið, bólstrun að innanverðu og búnaði til að koma í veg fyrir að dráttarvélin rúlli áfram við veltu og á hitunarbúnaði og loftræstibúnaði
- 6.4. Mál
- 6.4.1. Hæð þakhluta yfir viðmiðunarpunkti sætis með álagi<sup>(2)</sup> . . . . . mm
- 6.4.2. Hæð þakhluta yfir fótabretti dráttarvélar . . . . . mm
- 6.4.3. Breidd veltigrindar að innan 950 mm yfir sæti með álagi/900 mm yfir viðmiðunarpunkti sætis . . . . .  
 . . . . . mm (<sup>2</sup>)
- 6.4.4. Breidd veltigrindar að innan miðað við punkt yfir sæti sem er stillt miðað við miðju stýrishjóls . . . . .  
 . . . . . mm
- 6.4.5. Fjarlægð frá miðju stýrishjóls til þess hluta veltigrindar sem er á hægri hönd . . . . . mm
- 6.4.6. Fjarlægð frá miðju stýrishjóls til þess hluta veltigrindar sem er á vinstri hönd . . . . . mm
- 6.4.7. Lágmarksfjarlægð frá stýrishjóli að veltigrind . . . . . mm
- 6.4.8. Breidd dyra:
- að ofan . . . . . mm
- í miðju . . . . . mm
- að neðan . . . . . mm
- 6.4.9. Hæð dyra:
- yfir fótabretti . . . . . mm

<sup>(1)</sup> Strikið yfir það sem á ekki við.

<sup>(2)</sup> Samkvæmt þeirri prófunaraðferð sem er notuð.

	yfir efsta stigþrepi .....	mm
	yfir neðsta stigþrepi .....	mm
6.4.10.	Samanlögð hæð dráttarvélar með áfastri veltigrind .....	mm
6.4.11.	Samanlögð breidd veltigrindar .....	mm
6.4.12.	Lárétt fjarlægð til afturhluta veltigrindar frá baki sætis með álagi í 950 mm hæð/900 mm yfir viðmiðunarpunkti sætis <sup>(1)</sup> .....	mm
6.5.	Nákvæmar upplýsingar um efni og gæði efnis sem er notað, staðlar sem farið er eftir .....	
	Grind .....	(efni og mál)
	Festingar .....	(efni og mál)
	Klæðning .....	(efni og mál)
	Þak .....	(efni og mál)
	Bólstrun að innanverðu .....	(efni og mál)
	Festingar og boltar .....	(efni og mál)
<b>7.</b>	<b>Niðurstaða prófunar</b>	
7.1.	Högg- og álagsprófun	
	Höggprófanir voru gerðar hægra/vinstra megin <sup>(2)</sup> að aftan og hægra/vinstra megin <sup>(2)</sup> að framan og á hægri/vinstri <sup>(2)</sup> hlið. Viðmiðunarmassi sem var notaður til að reikna höggorku og álagskraft var ...	.kg
	Kröfum vegna brota og sprungna, hámarksveigju á hverjum tíma og um vörn fyrir auða svæðið var fullnægt	
7.2.	Sveigja mældist eftir prófun:	
	Varanleg sveigja:	
	að aftan: til hægri .....	
	til vinstri .....	mm
	að framan: til hægri .....	
	til vinstri .....	mm
	frá hlið:	
	að framan: .....	mm
	að aftan: .....	mm
	að ofan niður á við:	
	að framan .....	mm
	að aftan .....	mm

<sup>(1)</sup> Samkvæmt þeirri prófunaraðferð sem er notuð.

<sup>(2)</sup> Strikið yfir það sem á ekki við.

	Mismunur á hámarkssveigju í skamman tíma og varanlegri sveigju sem fram kemur við höggprófun frá hlið .....	mm
8.	Númer skýrslu .....	
9.	Dagsetning skýrslu .....	
10.	Undirskrift .....	

---

## VI. VIÐAUKI

## MERKI

Merki EBE-gerðarviðurkenningar íhluta skal vera réttthyrningur utan um lítið „e“ og skal auðkennandi bókstafur(ir) eða númer aðildarríkis sem fengið hefur gerðarviðurkenningu íhluta fylgja:

- 1 fyrir Þýskaland,
- 2 fyrir Frakkland,
- 3 fyrir Ítalíu,
- 4 fyrir Holland,
- 6 fyrir Belgíu,
- 11 fyrir Breska konungsríkið,
- 13 fyrir Lúxemborg,
- DK fyrir Danmörku,
- IRL fyrir Írland.

Hjá réttthyrningnum skal einnig vera númer EBE-gerðarviðurkenningar íhluta er samsvarar númeri EBE-gerðarviðurkenningarvottorðs íhluta sem er gefið út með hliðsjón af styrkleika veltigrindar og festinga hennar við dráttarvélina.

**Dæmi um merki EBE-gerðarviðurkenningar íhluta**

$a \geq 30 \text{ mm}$
------------------------

Veltigrind, með merki EBE-gerðarviðurkenningar íhluta sem er sýnt hér að framan, er grind sem hlaut EBE-gerðarviðurkenningu í Þýskalandi (e 1) samkvæmt númeri 1471.

\_\_\_\_\_

## VII. VIÐAUKI

## FYRIRMYND AÐ EBE-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐI ÍHLUTA

Nafn lögbærs yfirvalds
------------------------

**Tilkynning varðandi veitingu, synjun, afturköllun eða útvíkkun EBE-gerðarviðurkenningar íhluta með hlíðsjón af styrkleika veltigrindar (öryggishúsi eða ramma) og festinga hennar við dráttarvélinu**

- EBE-gerðarviðurkenningarnúmer íhluta . . . . . útvíkkun<sup>(1)</sup>
1. Vörumerki eða viðskiptaheiti og gerð veltigrindar . . . . .
  2. Nafn og heimilisfang framleiðanda veltigrindar . . . . .
  3. Ef við á, nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda veltigrindar . . . . .
  4. Vörumerki eða viðskiptaheiti, gerð og verslunarheiti dráttarvélar sem veltigrind á að fara á . . . . .
  5. Útvíkkun á EBE-gerðarviðurkenningu íhluta fyrir eftirtalda(r) gerð(ir) dráttarvéla(r) og verslunarheiti þar sem við á . . . . .
  - 5.1. Massi dráttarvélar án fargs samkvæmt skilgreiningu í lið 1.3 í II. viðauka er 5% meiri en/er ekki 5% meiri en<sup>(2)</sup> viðmiðunarmassi sem er notaður fyrir prófun.
  - 5.2. Aðferð við festingar og festipunktar eru/eru ekki <sup>(2)</sup> af sömu gerð.
  - 5.3. Allir íhlutar sem eru líklegir til að styrkja veltigrindina eru/eru ekki<sup>(2)</sup> af sömu gerð.
  6. Lagt fram til EBE-gerðarviðurkenningar íhluta þann . . . . .
  7. Prófunarstöð . . . . .
  8. Dagsetning og númer skýrslu prófunarstöðvar . . . . .
  9. Dagsetning veitingar, synjunar, afturköllunar EBE-gerðarviðurkenningar íhluta<sup>(2)</sup> . . . . .
  10. Dagsetning veitingar, synjunar, afturköllunar á útvíkkun EBE-gerðarviðurkenningar íhluta<sup>(2)</sup> . . . . .
  11. Staður . . . . .
  12. Dagsetning . . . . .
  13. Eftirtalin skjöl með númerum gerðarviðurkenningar íhluta, sem sýnt er að framan, fylgja þessu vottorði (t.d. skýrslu prófunarstöðvar). Skjölín skulu send lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna að beiðni þeirra . . . . .
  14. Athugasemdir . . . . .
  15. Undirskrift . . . . .

<sup>(1)</sup> Greinið frá, eftir atvikum, hvort um er að ræða fyrstu, aðra o.s.frv. útvíkkun á upprunalegu EBE-gerðarviðurkenningu íhluta.

<sup>(2)</sup> Strikið yfir það sem á ekki við.

## VIII. VIÐAUKI

## SKILYRÐI FYRIR EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU

1. Framleiðandi dráttarvélar eða viðurkenndur fulltrúi hans skal leggja fram umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu fyrir dráttarvél með hliðsjón af styrkleika veltigrindar og festinga hennar við dráttarvélina.
2. Tækniþjónustan sem annast gerðarviðurkenningarprófanir skal fá í hendur sýnishorn af dráttarvélinni sem á að viðurkenna og skal vera búíð að setja viðurkennda veltigrind og festingar hennar á.
3. Tækniþjónustan sem annast gerðarviðurkenningarprófanir skal ganga úr skugga um hvort hin viðurkennda gerð veltigrindar verður fest á dráttarvélina sem á að gerðarviðurkenna. Hún skal einkum ganga úr skugga um að festingar samsvari þeim sem voru prófaðar þegar EBE-gerðarviðurkenning íhluta var veitt.
4. Handhafi EBE-gerðarviðurkenningar getur farið fram á það að hún nái einnig til annarra gerða veltigrinda.
5. Lögbær yfirvöld heimila slíka útvíkkun með eftirtöldum skilyrðum:
  - 5.1. nýja veltigrindagerðin og festingar hennar við dráttarvél verða að hafa öðlast EBE-gerðarviðurkenningu íhluta;
  - 5.2. nýja veltigrindagerðin skal hönnuð þannig að hún passi á þá gerð dráttarvélar sem sótt er um útvíkkun EBE-gerðarviðurkenningar fyrir;
  - 5.3. festingar veltigrindarinnar við dráttarvélina samsvara þeim festingum sem voru prófaðar þegar EBE-gerðarviðurkenning íhluta var veitt.
6. Vottorð, en fyrirmynd að því er að finna í IX. viðauka, fylgir EBE-gerðarviðurkenningavottorði vegna hversrar gerðarviðurkenningar eða útvíkkunar gerðarviðurkenningar sem hefur verið veitt eða synjað um.
7. Ef umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu vegna gerðar dráttarvélar er lögð fram á sama tíma og beiðni um EBE-gerðarviðurkenningu íhluta vegna gerðar veltigrindar sem á að festa á gerð dráttarvélar sem sótt er um EBE-gerðarviðurkenningu fyrir á eftirlitið sem mælt er fyrir um í 2. og 3. lið ekki við.

## IX. VIÐAUKI

## FYRIRMYND

Nafn lögbærs yfirvalds
------------------------

**VIÐAUKI VIÐ EBE-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ FYRIR DRÁTTARVÉL MEÐ  
HLIÐSJÓN AF STYRKLEIKA VELTIGRINDA (ÖRYGGISHÚSI EÐA RAMMA) OG FESTINGA  
ÞEIRRA VIÐ DRÁTTARVÉLINA**

(2. mgr. 4. gr. og 10. gr. í tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvéllum á hjólum)

EBE-gerðarviðurkenningarnúmer .....	.....útvíkkun <sup>(1)</sup>
1. Vörumerki eða viðskiptaheiti dráttarvélar .....	.....
2. Gerð dráttarvélar .....	.....
3. Nafn og heimilisfang framleiðanda dráttarvélar .....	.....
4. Ef við á, nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda .....	.....
5. Vörumerki eða viðskiptaheiti veltigrindar .....	.....
6. Útvíkkun EBE-gerðarviðurkenningar íhluta fyrir eftirtaldar gerðir veltigrinda .....	.....
7. Dráttarvél lögð fram til EBE-gerðarviðurkenningar þann .....	.....
8. Tækniþjónusta sem sér um eftirlit með EBE-gerðarviðurkenningum .....	.....
9. Dagsetning skýrslu sem þjónustan gefur út .....	.....
10. Númer skýrslu sem þjónustan gefur út .....	.....
11. EBE-gerðarviðurkenning með hliðsjón af styrkleika veltigrinda og festingar þeirra við dráttarvélinu veitt/hafnað <sup>(2)</sup>	.....
12. Útvíkkun EBE-gerðarviðurkenningar með hliðsjón af styrkleika veltigrinda og festinga þeirra við dráttarvélinu veitt/hafnað <sup>(2)</sup>	.....
13. Staður .....	.....
14. Dagsetning .....	.....
15. Undirskrift .....	.....

<sup>(1)</sup> Greinið frá, eftir atvikum, hvort um er að ræða fyrstu, aðra o.s.frv. útvíkkun á upprunalegu EBE-gerðarviðurkenningu íhluta.

<sup>(2)</sup> Strikið yfir það sem á ekki við.